

STJÓRNMÁL
OG STJÓRNSÝSLA
VEFTÍMARIT

Áhrif feminisma á utanríkisstefnu Íslands 1999-2009

Silja Bára Ómarsdóttir
aðjúntkt við stjórn málafræðideild
Háskóla Íslands

1. tbl. 6. árg. 2010
Fræðigreinar



Útdráttur

Í greininni eru skoðuð áhrif femínisma á íslenska utanríkisstefnu 1999-2009. Kvinnahreyfingar og femínísk hugmyndafræði höfðu mótandi áhrif á marga þætti íslensks samfélags á 20. öld en slík áhrif á utanríkisstefnu voru nær ósýnileg. Í lok fyrsta áratugar 21. aldar hafði þetta breyst verulega og er hér leitað skýringa. Aðferðafræði Sabatiers um samsteypuþrýstihópa er notuð og litið til fjölgunar kvenna á þingi, í utanríkismálanefnd og í utanríkisþjónustu. Þá er þrýstingur frá frjálsum félagasamtökum og áberstur alþjóðastofnana á kynjajafnrétti og stöðu kvenna nokkur ábrifavaldur. Að lokum er beitt innihaldsgreiningu á flutningsræður utanríkisráðherra með skýrslum þeirra til Alþingis. Merkja má auknar áberstur á jafnréttismál og málefni kvenna í ræðunum eftir því sem líður á tímabilið. Í utanríkisstefnu sinni hefur Ísland valið að leggja áberstu á tiltekna málaflökka og blutfallslega sterk staða kvenna í íslensku samfélagi hefur gert að verkum að þessi málaflökku er vel til þess fallinn að skapa sérstöðu á alþjóðavettvangi. Arfleifð Kvinnalistsans er skýrt merktanleg, en sýmis atriði sem Kvinnalistsinn setti á dagskrá í utanríkismálum eru nú orðin sýnileg í stefnunni þótt þau hafi ekki átt upp á pallborðið á sínum tíma. Niðurstöður eru því að kvinnahreyfingar og femínismi hafi haft umtalsverð áhrif á utanríkisstefnu Íslands og eru þau áhrif rakin til þess að á síðustu tíu árum hafi komið saman áhrif úr ólíkum áttum innan og utan stjórnkerfisins.

1. Inngangur

Femínismi hafði áberandi áhrif á íslenskt samfélag á síðari hluta 20. aldar þegar kvenréttindahreyfingar á borð við Rauðsokkurnar fóru að láta til sín taka. Slíkar hreyfingar höfðu áður barist fyrir rétti kvenna til menntunar og kjörgengi. Við upphaf níunda áratugarins hafði konum lítið fjölgað í kjörnum embættum og gripu konur þá til þess ráðs – eins og fyrirrennarar þeirra í upphafi 20. aldar – að bjóða fram sérstök kvennaframboð, fyrst í sveitarstjórnarkosningum og svo í þingkosningum. Áhrif og arfleifð Kvennaframboðsins í Reykjavík, Kvinnalistsans og annarra kvinnahreyfinga endurspeglast að miklu leyti í þeim áhersluatriðum sem konur settu fram á Alþingi á síðustu þremur áratugum 20. aldar. Má sjá þess merki í íslenska velferðarkerfinu eins og t.d. fæðingarorlof kvenna og karla ber vitni um. Þetta er í fullu samræmi við femínískar rannsóknir í stjórnmálafræði sem sýna að þótt karlar geti vel verið málsvavar og fulltrúar kvenna og kvenlægra málefna hefur þurft frumkvæði kvenna til að koma málum sem helst varða konur á dagskrá (Phillips 1998; Stevens 2007).

Aðgerðir kvinnahreyfinga og femínísk hugmyndafræði hafa haft áhrif á íslensk stjórnmál með ýmsum hætti, bæði í gegnum beina þátttöku í stjórnmálum og á óbeinan hátt í gegnum þrýstihópa og hagsmunasamtök. Hér er talað um femínisma sem hugmyndafræði og afstöðu, og hann skilgreindur sem gagnrýnin samfélagshreyfing með það að meginmarkmiði að breyta samfélaginu, bæta stöðu og auka völd kvenna (Randall í Stevens 2007). Áhrif kvinnahreyfinga, byggðum á femínískri hugmyndafræði, hafa verið umtalsverð á sviði innanríkisstjórnmála og kannski hvað helst í sveitarstjórnnum og nærsamfélaginu, en konur

börðust t.a.m. ötullega fyrir dagvistun barna, sem nú þykir sjálfsgöð þjónusta. Mun minni áhrifa kvenna hefur gætt þegar kemur að utanríkismálum Íslands og sérstaklega við mótun utanríkisstefnu. Konur hafa ekki verið í forystusveit þeirra sem framfylgja stefnu íslenska ríkisins í utanríkismálum og lengst af áttu fáar konur sæti í utanríkismálanefnd Alþingis. Þá gegndi kona ekki embætti utanríkisráðherra fyrr en árið 2006, en síðan þá hafa tvær konur gegnt því embætti þótt til skamms tíma væri. Um leið hafa áherslur í utanríkisstefnu Íslands breyst verulega, þar sem kynjajafnrétti hefur rutt sér til rúms sem eitt helsta stefnumál Íslands í alþjóðastarfi eins og sjá má á áherslum í friðargæslu, þróunarsamvinnu og nú síðast í loftslagsmálum.

Í þessari grein er leitast við að varpa ljósi á áhrif feminisma í íslenskri utanríkisstefnu, en feminismi er talinn birtast í áhrifum kvenna og kvennahreyfinga á stefnumótun og framfylgd. Utanríkisstefna Kvinnalistans er skoðuð til að sýna í sögulegu ljósi hvaða áherslur kvennahreyfingar hafa haft í utanríkismálum. Þessar áherslur fara fyrst að birtast í almennri umræðu í utanríkismálum á fyrsta áratug 21. aldar. Áhersla á málefni kvenna var m.a. mikil í framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna árið 2008, sem sýnir að þetta er málaflokkur sem Ísland vill nota til að skapa sér sérstöðu á alþjóðavettvangi. Til þess að greina áhrifin er litið til fjölgunar kvenna á þingi og í utanríkismálanefnd Alþingis. Þá er skoðað hver staða kynjanna er í utanríkisþjónustu Íslands, hvernig framlög til UNIFEM, Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, hafa breyst á liðnum árum, og loks eru áherslur ráðherra á kyn og kynjajafnrétti í munnlegum skýrslum sínum til Alþingis á árunum 1999-2009 skoðaðar. Í þeim skýrslum eru dregin fram þau mál sem efst eru á baugi í utanríkisþjónustunni hverju sinni. Þær eru því taldar endurspegla vel mikilvægi málaflokka í utanríkisstefnu. Innihaldsgreiningu er beitt á ræðurnar til að skoða hversu mikil áhersla er lögð á jafnrétti og málefni kvenna. Þá er notast við aðferð Sabatiers sem skoðar svokallaða samsteypuþrýstihópa og áhrif þeirra á opinber stefnumál yfir áratug eða meira. Áhersla er lögð á breytingar sem hafa orðið síðastliðinn áratug, þótt ýmis gögn séu skoðuð lengra aftur í tímann og í sumum tilvikum allt aftur til ársins 1959. Frá og með 1999, árinu sem Kvinnalistinn hvarf af þingi, hefur umræða um jafnréttismál aukist töluvert í samfélaginu og er því valið að skoða breytingarnar á þessum tíu árum. Þá er utanríkisstefna Íslands greind út frá mótunarhyggju, þar sem áhersla er á félagsmótun, orðræðu og sjálfsmyndir, frekar en hagsmuni sem taldir eru fastmótaðir.

2. Kenningar og aðferðir

2.1 Kenningar um utanríkismál

Utanríkisstefna ríkja er almennt talin mótast af hagsmunum, sem í hefðbundinni nálgun raunhyggju (*realism*) eru skilgreindir sem völd (Morgenthau 1948/1985), en þau eiga að vera hlutlæg breyta þótt inntak þeirra geti breyst með tíð og tíma. Morgenthau vísar til forngríska sagnfræðingsins Þúkýdídesar, sem segir hagsmuni skapa hin sterkustu tengsl, bæði milli ríkja og einstaklinga. Raunhyggjan var

ráðandi í utanríkisstefnu flestra ríkja í síðari heimsstyrjöldinni og hélt áfram velli um nokkurt skeið. Ríki töldu sig gjarnan þurfa að tryggja sér völd í alþjóðakerfinu, og þá einkum að tryggja hlutfallsleg völd sín gagnvart nágrannaríkjum. Þetta samkeppnisumhverfi einkenndi samskipti stórveldanna í gegnum kalda stríðið. Í Evrópu mátti greina annan hljóm. Þar var lagt upp úr ávinningi ríkja af samstarfi, en ekki því að þau fengju meira út úr því en önnur ríki. Hugmyndin um Evrópusamstarf byggðist enda á því að efnahagsleg tengsl ríkja gerðu þau svo gagnháð (*interdependent*) að átök yrðu ómöguleg. Frjálslynd stofnanahyggja (*liberal institutionalism*) ruddi sér þannig til rúms í utanríkisstefnu margra ríkja snemma á áttunda áratug 20. aldar, þó einkum á efnahagssviðinu. Í báðum stefnunum er gengið út frá því að hagsmunir ríkja séu nokkuð þekktir og fyrirfram gefnir. Þessum hugmyndum hefur verið ögrað æ meir frá því kalda stríðinu lauk, en þá fóru fræðimenn að greina utanríkisstefnu með mótunarhyggju (*constructivism*) í meira mæli. Mótunarhyggja leggur meðal annars áherslu á umræðu, gildi og viðmið, sannfæringu, sjálfsmyndir og félagsmótun (Checkel 2008).

Mótunarhyggjan dregur fram að aukin tengsl ríkja og aukin dýpt þess sem gjarnan er kallað alþjóðasamfélagið hafi áhrif á sjálfsmynd og hagsmuni ríkja (Barnett 2008). Ríki og þjóðir virðast í auknum mæli vera tilbúin til þess að leggja eitthvað á sig til þess að aðstoða þá sem minna mega sín. Þetta er erfitt að útskýra með nálgunum raunhyggju og frjálslyndrar stofnanahyggju, þótt leiða megi að því líkur að ríki studli að lýðræði og mannréttindum af því þau telja þessar grundvallarreglur tengdar sínu eigin öryggi (Barnett 2008). Með því að skoða utanríkisstefnu út frá mótunarhyggju er dregið fram hvernig umræða mótar og hefur áhrif á hinn félagslega raunveruleika ríkja. Einnig hvetur mótunarhyggjan til þess að bakgrunnsskilyrði séu könnuð þannig að hægt sé að sjá hvernig breytingar eiga sér stað (Checkel 2008).

2.2 Aðferðafræði – samsteypuþrýstihópar og innihaldsgreining

Kenningaramminn sem mótunarhyggja skapar á vel við hugmyndir Sabatiers (1993) um áhrif breiðra, óformlegra fylkinga á stefnumál til lengri tíma. Aðferðafræðina kallar hann *Advocacy Coalition Framework* (ACF), en hér verður notast við hugtakið samsteypuþrýstihópar til að lýsa því óformlega samráði hópa sem vinna beint og óbeint að ákveðnu málefni sem þeir fjalla um. Sabatier bendir á fjórar grunnstoðir þessarar aðferðar til að skoða stefnubreytingu í stjórnkerfinu. Þær eru 1) til að skilja breytingar á stefnumálum þarf að skoða þau yfir a.m.k. áratug; 2) best er að skoða samskipti ólíkra hópa sem vinna að málinu; 3) hóparnir verða að vera á ólíkum stjórnstigum; og 4) stefnumálin þarf að setja fram með gildismati og ályktun um orsakasamhengi.

Spurningin um áhrif feminisma á utanríkisstefnu Íslands fellur vel að þessari nálgun. Þrýst er á um breytingar úr ólíkum áttum, utan úr samfélaginu og milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Mótunarhyggja hentar einnig best til að varpa ljósi á það af hverju Ísland velur að setja málaflokk sem ekki skapar beinan ábata í forgang. Barnett (2008) bendir á að ríki vilji gjarnan skapa sér jákvætt

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

orðspor með því að birtast sem velgjörðamenn annarra. Þá má einnig ætla að Ísland vilji, sem smáriki, skapa sér sess á ákveðnu sviði, þar sem það hefur sérstöðu og færri eru um hituna.

Árangur Íslands í jafnréttismálum í alþjóðlegum samanburði hefur að líkindum ýtt undir þetta, en einnig má benda á málflutning ýmissa þrýstihópa í samfélaginu sem hafa haldið þessu sjónarmiði á lofti á síðustu tuttugu árum eða svo. Þar má einkum nefna Landsnefnd UNIFEM á Íslandi sem hefur bæði eft umræðu um mikilvægi málaflokksins og þrýst á stjórnvöld að sinna honum. Þannig skapast aðstæður í samfélaginu fyrir orðræðu um mögulegt framlag landsins á þessu sviði. Vegna smæðar Íslands er ljóst að ríkið verður hvorki hernaðarlegur né pólitískur áhrifavaldur á alþjóðavísu. Eins og Baldur Þórhallsson (2005) hefur bent á bregðast smáriki gjarnan við ytri aðstæðum frekar en að móta þær og Ísland virðist ekki hafa talið sig hafa burði til að móta afstöðu í alþjóðastofnunum. Þar sem staða jafnréttismála á Íslandi er mun betri en víðast hvar erlendis og hefur nýlega mælst best í heimi á mælikvarða World Economic Forum (Hausmann o.fl. 2009) má ætla að ríkið telji sig betur í stakk búið til áhrifa á þessu sviði en flestum öðrum.

Til að meta áhrif feminisma og kvennahreyfinga á íslenska utanríkisstefnu er litið til þess hvort umfjöllun um jafnréttismál aukist í flutningsræðum utanríkisráðherra með skýrslum hans um utanríkismál til Alþingis. Slíkar skýrslur eru almennt lagðar fram tvisvar á ári. Talið er hversu oft ráðherrar síðustu tíu ára tala um konur, kyn og jafnrétti í ræðum sínum. Aðferðin byggist á innihaldsgreiningu (*content analysis*), þar sem t.d. er skoðað hversu oft ákveðin orð koma fyrir í texta eða hve mikið pláss þau taka á síðu. Tíðni orðanna eða orðasambandanna er talin gefa vísbendingu um mikilvægi þess sem þau standa fyrir (Stemler 2001).

Samsteypuþrýstihópar, eins og þeir sem Sabatier fjallar um, geta haft áhrif á stefnumótun stjórnvalda á tilteknum sviðum til lengri tíma. Áhrifin verða hvað skýrust þegar litið er til breytinga á stefnu yfir a.m.k. áratug. Jenkins-Smith og Sabatier (1993) benda á að merkja megj slíka þróun þegar skoðanir fólks fara að breytast. Ný sýn á málaflokkinn á sér almennt upptök meðal fárra einstaklinga, mætir andstöðu innan stærri hóps en síast síðan út á meðal annarra í hópnum. Hversu hratt þetta gerist fer síðan eftir því hversu samræmanlegt þessi nýju sjónarmið eru við ráðandi afstöðu, hversu sannfærandi málflutningur hópanna er og að lokum hversu mikill pólitískur þrýstingur er á að breytingar eigi sér stað (Jenkins-Smith og Sabatier 1993). Auðvelt er að sjá þessar breytingar eiga sér stað í íslensku samfélagi á síðasta áratug, þótt áhrifin hafi ekki skilað sér inn í utanríkisstefnu jafnhvort. Það sem í upphafi var sýn fárra einstaklinga, aðallega kvenna, hefur nú náð inn í almenna umræðu. Töluverðar upplýsingar hafa einnig komið frá alþjóðastofnunum um mikilvægi þess að forgangsraða málefnum kvenna. Sem dæmi má nefna skýrslu eftir Elisabeth Rehn og Ellen Johnson Sirleaf (2002) sem kom út á vegum UNIFEM, *Women, War, Peace*, en þar eru einmitt kynnt mjög sannfærandi gögn um nauðsyn þess að taka tillit til jafnréttissjónarmiða í alþjóðamálum. Þegar pólitískur vilji er einnig fyrir hendi, en hann virðist koma sterkar

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (fræðigreinar)

fram þegar konur setjast í embætti utanríkisráðherra, kemst málaflokkurinn nokkuð hratt í forgang.

3. Fjölgun kvenna í áhrifastöðum

Femínismi og kvennahreyfingar hafa haft umtalsverð áhrif á landslag íslenskra stjórn mála um árabíl. Þessi áhrif má rekja aftur til fyrstu áratuga 20. aldar, þegar konur fóru að berjast fyrir kosningarétti og kjörgengi. Virkni hreyfinganna hefur verið mismikið, en ýmis málefni eins og réttinn til fóstureyðinga, mótun dagvistunar og tilkomu jafnréttis laga má rekja til baráttu kvenna í ýmsum hreyfingum og á mismunandi vettvangi. Áhrif kvenna á utanríkisstefnu hafa hins vegar látið á sér standa. Á síðastliðnum áratug má þó merkja breytingar sem gefa til kynna að valdhafar séu farnir að bregðast við þrýstingi úr ólíkum áttum, bæði frá konum í stjórn mála, utanríkisþjónustu og félagasamtökum. Þannig hefur það sem upphaflega var sýn fárra orðið að einni helstu stoð utanríkisstefnu landsins eins og er rakið síðar í greininni. Konum hefur fjölgað nokkuð stöðugt á Alþingi frá því á áttunda áratug síðustu aldar. Fram til þess voru breytingarnar hægfara. Fyrsta kona tók sæti á Alþingi árið 1922 (Alþingi e.d. a) en næstu 40 árin sat oftast ein kona á þingi og tvær í undantekningartilvikum. Þó kom fyrir að engin kona náði kjöri. Frá árinu 1956 hefur kona alltaf átt sæti á þingi og frá 1971 hafa þær verið þrjár eða fleiri. Umtalsverð fjölgun verður í þingkosningunum 1983, þegar fjöldi kvenna á þingi þrefaldaðist og fór úr þremur í níu (Alþingi e.d. a).

3.1 Konur í stjórn mála – arfleifð Kvinnalistsans

Stærsta stökkið í fjölgun kvenna á Alþingi átti sér stað árið 1983, þegar Kvinnalistsinn bauð fram í fyrsta skipti. Samræmt átak kvenna, sem sóttust eftir áhrifum og völdum í samfélaginu, þurfti til að fjölga konum og afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Kvinnalistsinn reyndi að nálgast alla málaflokkana út frá kynja-sjónarmiði og lagði einkum áherslu á friðarstefnu í utanríkismálum.

Stefnumál Kvinnalistsans í utanríkismálum voru framsækinn og í raun mun líkari áherslum Íslands í utanríkismálum í dag en á níunda og tíunda áratug 20. aldar. Kvinnalistsinn starfaði auðvitað ekki í hugmyndafræðilegu tómarúmi og ýmsar áherslur hreyfingarinnar áttu samhljóm með t.d. Alþýðubandalaginu, sérstaklega hvað varðaði friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku. Þá hefur Kvinnalistsinn eflaust sótt hugmyndafræðilegan grunn fyrir stefnu sína í friðarhreyfingar kvenna, bæði hér heima og erlendis. Í þessari grein er þó ætlunin að draga fram hverjar áherslur Kvinnalistsans voru í utanríkismálum og leggja grunninn fyrir þær áherslur sem má sjá á fyrsta áratug 20. aldar, þegar þessar hugmyndir eru farnar að ná fótfestu í íslenski utanríkisstefnu.

Friðarnálgun Kvinnalistsans kemur strax fram í því að í stefnuskrá heitir mála-flokkurinn friðar- og utanríkismál. Þar er bent á að Ísland sé „hluti af samfélagi þjóðanna og [beri] að axla þá ábyrgð sem því fylgir“ (Kvinnalistsinn 1983, 10). Áhersla á málefni kvenna kemur einnig strax fram og lagt er til að Íslendingar

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

mæti tilmælum Sameinuðu þjóðanna um framlög til þróunaraðstoðar og að þeirri aðstoð verði hagað „í samræmi við þarfir og aðstæður íbúa á hverjum stað“ með áherslu á úrbætur fyrir konur og börn (Kvennalistinn 1983, 11). Almenn andstaða við hernaðarbandalög er sett fram og krafa gerð um að „íslensk stjórnvöld taki afstöðu gegn vígbúnaði bæði heima fyrir og á alþjóða vettvangi, því ógnarjafnvægi [leiði] ekki til öryggis“ (Kvennalistinn 1983, 11).

Í hefti Kvennalistans, *Frá konu til konu*, árið 1984 er dregin fram áhersla á bann við för kjarnorkuknúinna farartækja við Ísland og lýsingu Norðurlanda sem kjarnorkuvopnalaus svæðis. Þá er þróunarsamvinna nefnd sérstaklega, þ.e. að „Íslendingar standi við gefin fyrirheit um aðstoð við fátækustu þjóðir heims“ og að lokum að Kvennalistinn vilji „sýna samstöðu og styðja baráttu kvenna um allan heim fyrir lífi jarðarbarna, fyrir friði, frelsi og réttlátari skiptingu jarðargæða.“ (Kvennalistinn 1984, 10). Á þessum tíma var um jaðarmál að ræða, en í dag eru þessar áherslur orðnar hluti af utanríkisstefnu Íslands, m.a. í því hvernig kynjasjónarmið eru tekin inn í þróunarsamvinnu og friðargæsluverkefni.

Kvennalistinn hélt sömu stefnu fyrir næstu kosningar árið 1987, en í stefnuskrá var áfram lögð áhersla á andstöðu við vígbúnað og hernaðarbandalög og stuðning við mannréttindi alls staðar í heiminum (Kvennalistinn 1987, 3). Hér er sjónarhorn kvenna tengt þessum áherslum og sagt að á bak við stríðsrekstur og vopnaburð liggja „hugarfar sem er í hrópandi andstöðu við menningu kvenna sem þiggur lífskraft sinn frá endurnýjun lífsins, verndun þess og viðhaldi“ (Kvennalistinn 1987, 42). Tekið er fram að Íslendingar hafi aldrei farið með hernaði á hendur öðrum þjóðum og því sé edlilegt að þeir „gerist boðberar friðar og afvopnunar í heiminum og [láti til sín] taka á alþjóðavettvangi sem friðflytjendur“ (Kvennalistinn 1987, 42). Þá vildi Kvennalistinn að Íslendingar væru efnahagslega óháðir Bandaríkjaher meðan hann væri á landinu. Að sama skapi er áfram lögð áhersla á mannréttindi, samstöðu og stuðning við „baráttu kvenna um heim allan fyrir lífi jarðarbarna, fyrir friði, frelsi og réttlátri skiptingu jarðargæða“ (Kvennalistinn 1987, 42).

Í stefnuskrá Kvennalistans fyrir þingkosningar 1991 er í inngangstexta bent á að „[u]mhverfisspjöll, mengun, stríðsátök og ójöfnuður [ógni] öllu lífi jarðar“ (Kvennalistinn 1991, 2) og þessu vilji Kvennalistinn breyta. Þetta ár setur Kvennalistinn í fyrsta skipti fram sérstakan kafla um alþjóðaviðskipti og Evrópubandalagið, en Kvennalistinn lagðist gegn aðild Íslands að bandalaginu og vildi tryggja „yfirráð Íslendinga yfir auðlindum lands og sjávar ... í samningum við önnur ríki“ (Kvennalistinn 1991, 55). Átti frekar að leggja áherslu á tvíhliða samninga við önnur ríki eða ríkjabandalög en að EES samninginn, sem fæli í sér afsal fullveldis. Hins vegar taldi Kvennalistinn „mikilvægt að efla samskipti á öðrum sviðum þar á meðal í rannsóknnum, umhverfismálum, menningar- og menntamálum“ (54).

Umræða um friðar- og utanríkismál í stefnuskrá Kvennalistans er lituð af aðstæðum á alþjóðavettvangi, stríðinu við Persaflóa og falli Berlínarmúrsins. Því er fagnað að dregið hafi úr spennu á milli stórveldanna, en haldið á lofti að bilið „milli ríkra þjóða og fátækra [vaxi] enn og það eru konur og börn, hinir eigna- og valdalaus, sem þjást mest“ (Kvennalistinn 1991, 52). Í þróunarstarfi er talið

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

mikilvægast er að styðja konur, sem „eru víðast hvar styrkasta stoð fjölskyldunnar, aðstoð við þær kemur öllum til góða“ (Kvennalistinn 1991, 52).

Kvennalistinn bauð í síðasta sinn fram til Alþingis í kosningunum 1995 en í stefnuskrá fyrir þær kosningar er tekið til þess að íslenskt samfélag standi á krossgötum, m.a. hvað varðar tengsl landsins við umheiminn. Áfram er vandi mannkyns tengdur við umhverfisspjöll, stríðsátök og ójöfnuð. Við þessu vildi Kvennalistinn bregðast „með virkri þátttöku Íslands í alþjóðastarfi og með því að vinna markvisst að þjóðfélagi sem er í sátt við aðrar þjóðir, byggir á jafnvægi manns og náttúru og réttlátri tekju- og eignaskiptingu“ (Kvennalistinn 1995, 2). Þetta ár setur Kvennalistinn mannréttindamál í fyrsta skipti á stefnuskrá sína og nefnir að

barátta kvenna um heim allan fyrir kvenfrelsi og góðum lífsskilyrðum kvenna og barna er hluti af þeirri mannréttindabaráttu sem staðið hefur um aldir. Það er nú viðurkennt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að líta beri á stöðu kvenna út frá mannréttindum en það leggur þjóðum þá skyldu á herðar að tryggja konum sömu réttindi og möguleika og körlum (Kvennalistinn 1995, 28).

Hér heldur Kvennalistinn áfram að þróa femíníska sýn á alþjóðamál, m.a. með því að leggja áherslu á að „ein besta leiðin til að bæta stöðu kvenna og tryggja mannréttindi þeirra“ sé aðgangur að menntun, atvinnu og getnaðarvörnum. Íslendingar ættu því í þróunaraðstoð sinni „að beina sjónum að möguleikum kvenna til sjálfshjálpar“ (Kvennalistinn 1995, 28-29). Þarna var einnig nefnt að ekki skuli nota trúarbrögð sem kúgunartæki gegn konum (Kvennalistinn 1995, 30) og loks var sett fram ný skilgreining á öryggismálum, nokkuð sem enn skortir að mestu í íslenskri stjórnsýslu. Kvennalistinn talaði um sameiginlegt öryggi mannkyns og það ætti að byggjast „á varðveislu umhverfis fremur en hernaðarstyrks [og Íslendingar ættu] að auka enn frekar samvinnu sína við þær þjóðir og stofnanir sem helst hafa beitt sér fyrir umhverfisvernd“ (Kvennalistinn 1995, 59). Þá skyldi þegar í stað gera „áætlun um hvernig Íslendingar geti sjálfir á ábyrgan hátt tryggt öryggi lands og þjóðar í ljósi breyttra hagsmuna og aðstæðna“ (Kvennalistinn 1995, 60) í kjölfar loka kalda stríðsins. Enn hefur ekki komið fram skilgreining á öryggi í íslenskri utanríkisstefnu (Silja Bára Ómarsdóttir 2008) þótt víðara öryggishugtak, skylt því sem kemur fram hjá Kvennalistanum, hafi verið lagt til grundvallar skýrslu hættumatsnefndar sem starfaði á vegum utanríkisráðuneytisins 2007-2009 (Utanríkisráðuneyti 2009a).

Ólíkt því sem reyndist raunin með stjórnvöld taldi Kvennalistinn nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að mæta áhrifum af niðurskurði á Keflavíkurflugvelli, enda væri brottför hersins fyrirsjáanleg (Kvennalistinn 1995, 60). Að lokum er ítrekað að Íslendingar skuli auka þróunaraðstoð sína, en í þetta sinn með áherslu á að þeir „beiti kröftum sínum í þróunarsamvinnu einkum í þágu kvenna og barna, m.a. með styrkingu Kvennasjóðs Sameinuðu þjóðanna UNIFEM“ (Kvennalistinn 1995, 61).

Kvennalistinn fylgdi stefnumálum sínum ötullega eftir á þingi. Þingkonur listans fluttu á árunum 1983-1988 fimm sinnum þingsályktunartillögu um

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

frystingu kjarnavopna og þrisvar sinnum ályktun um friðarfræðslu í skólum landsins. Þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum var samþykkt 23. maí 1985, en þess utan virðast tillögur Kvinnalistsans sjaldnast hafa náð fram að ganga. Nokkrum sinnum eru málefni kvenna sérstaklega dregin fram, m.a. er kallað eftir úttekt á áhrifum EES-aðildar á konur á Íslandi (Alþingi 1991-1992). Þá sendi Kvinnalistinn frá sér áskorun til kenískra stjórnvalda að láta af ofsóknum á hendur Wangari Maathai og öðrum konum sem voru í hungursverkfalli til að fá pólitíska fanga lausa og vísaði þar til þess að vera eini kvennaflokkurinn sem sæti ætti á nokkru þjóðþingi í heimi (Þingflokkur Samtaka um kvinnalista). Árið 1993 sendu svo 55 þingmenn áskorun til Radovans Karadzics, leiðtoga Bosníu-Serba, að láta af glæpum sínum gegn mannkyni og vísuðu einkum til stríðsnaudgana (Alþingi 1993). Árið 1996 lögðu Kvinnalistikonur fram þingsályktunartillögu um stuðning við konur í Afganistan og samþykkti utanríkismálanefnd að vísa henni til ríkisstjórnarinnar (Alþingi 1996-1997). Þarna virðist vera að finna fyrsta dæmið um að fjallað sé sérstaklega um málefni kvenna í utanríkismálum.

Eins og kemur fram hér að framan starfaði Kvinnalistinn ekki í hugmyndafræðilegri einangrun. Bæði einstaklingar og flokkar, heima og erlendis, unnu að afvopnun, framgangi friðarfræðslu og friðlýsingu tiltekinna svæða fyrir kjarnorku. Þessi samantekt á stefnumálum Kvinnalistsans í utanríkismálum er sett fram til þess að draga fram að það er fyrst þegar konum fer að fjölga í utanríkisnefnd og í utanríkisþjónustunni sem þessi mál fara að njóta víðtækari stuðnings í samfélaginu.

3.2 Konur á þingi

Þótt áhrifa Kvinnalistsans gætti á ýmsum sviðum í samfélaginu meðan hann starfaði voru áhrifin sennilega hvað minnst á utanríkismál, þar sem raunhyggja var ráðandi í utanríkisstefnu Íslands fram yfir lok kalda stríðsins, en betur er vikið að því hér á eftir. Framboð Kvinnalistsans hafði merkjanleg áhrif á fjölda kvenna á þingi, en á mynd 1 sést hvernig dregið hefur saman með konum og körlum á þingi og í utanríkismálanefnd 1959-2009, en frá 1959 hefur a.m.k. ein kona alltaf átt sæti á Alþingi. Þegar Kvinnalistinn bauð fyrst fram voru konur 15% þingmanna (nú af sextíu) en urðu 35% (22 af 63) í fyrstu kosningunum eftir að Kvinnalistinn hætti að bjóða fram árið 1999. Eftir bakslag í kosningunum 2003 hefur konum aftur fjölgað og eru nú tæp 43% þingmanna, eða 27 af 63.

Það er sérstaklega áhugavert að skoða hvernig konum hefur fjölgað í utanríkismálanefnd Alþingis. Fyrsta konan til að taka sæti í utanríkismálanefnd var Ragnhildur Helgadóttir úr Sjálfstæðisflokki, en hún átti sæti í nefndinni starfsárið 1978-1979 og fram til þingkosninganna sem fram fóru í desember 1979. Næst tók Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fulltrúi Kvinnalistsans, sæti í utanríkismálanefnd 1983 og ein eða engin kona sat í nefndinni þar til 1987. Frá því 1988 hafa alltaf a.m.k. tvær konur setið í nefndinni, sem er skipuð nú þingmönnum. Fram til ársins 2003 voru þær mest þrjár. Frá því 2004 hafa oftast verið fjórar konur og fimm karlar í nefndinni, en konur hafa enn ekki verið í meirihluta þessarar nefndar. Á mynd 1 sést hvernig fjölgun kvenna á þingi og í utanríkismálanefnd hefur fylgst að frá árinu 1959.

Mynd 1. Konur og karlar á Alþingi og í utanríkismálanefnd Alþingis 1959-2009. (Alþingistíðindi 1959-2009.)



Fjölgun kvenna í utanríkismálanefnd hefur haldist nokkurn veginn í hendur við fjölgun kvenna á þingi, með þeirri undantekningu að það var ekki fyrir en nokkru eftir að konum fjölgaði allverulega á þingi í kosningunum 1983 sem það varð viðtekin venja að konur ættu sæti í utanríkismálanefnd. Rannsóknir hafa sýnt að kyn skipti máli þegar kemur að því að setja málefni kvenna á dagskrá í stjórnmalum (Phillips 1995; Stevens 2007). Sú þróun sem hér má merkja, þ.e. að fjöldi kvenna hefur í för með sér auknar áherslur á málefni kvenna er í samræmi við þær niðurstöður. Þá er ljóst að konur veita kvenna- og jafnréttismálum mun meiri athygli. Umræða um kynjasambættingu í friðargæslustarfi Íslands á erlendri grund endurspeglar þetta ágætlega. Skýrsla unnin af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafraeðum og landsnefnd UNIFEM kom út árið 2005 (Birna Þórarinsdóttir 2005) og óskuðu þingkonur eftir umræðu um hana á Alþingi. Utanríkisráðherra, sem þá var Davíð Oddsson, varð fyrir svörum um innihald skýrslunnar og var jafnframt eini karlinn sem tók þátt í umræðunni (Alþingi e.d. b). Þá er athyglisvert að konur hafa aðeins tvisvar gegnt formennsku í utanríkismálanefnd, annars vegar árið 2002-2003 og hins vegar 2003-2005, einmitt þegar rannsóknin á kynjasjónarmiðum í friðargæslu er unnin.

3.3 Konur í utanríkisþjónustu Íslands

Utanríkisþjónusta Íslands var yfirráðasvæði karla þar til um miðjan áttunda áratug 20. aldar þegar fyrstu konurnar voru ráðnar í flutningsskyld störf, en áður höfðu þær einungis gegnt ritarastörfum í þjónustunni. Það er athyglisvert að þetta var einmitt í fyrsta skipti sem störf í utanríkisþjónustunni voru auglýst opinberlega. Þrír einstaklingar voru ráðnir, og þar af tvær konur. Önnur, Berglind Ásgeirs-

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

dóttir, varð síðar fyrst kvenna ráðuneytisstjóri á Íslandi árið 1988 og hin, Sigríður Snævarr, varð fyrst íslenskra kvenna skipuð sendiherra árið 1991 (Kvennasögusafn e.d.). Í kjölfarið voru fleiri konur ráðnar til starfa í utanríkisþjónustunni, en á efri stigum hennar má enn sjá þess merki hve fáar þær voru framan af. Þetta má sjá á samantekt Evrópuráðsins á hlut kvenna í áhrifastöðum og í samantektum ráðuneytisins á stöðu kynjanna. Á töflu 1 sést hvernig dregið hefur saman með kynjunum í stöðum sendiráðsritara og sendiráðunauta. Einnig hefur dregið nokkuð saman með kynjunum í sendiherrastöðum, en hlutfallslega fleiri konur hafa verið skipaðar sendiherrastöðum síðustu árin þótt þær séu enn einungis 20% sendiherra. Pólitískar skipanir tíðkast ekki í önnur embætti en sendiherra í utanríkisþjónustunni og virðast slíkar skipanir síðustu árin því hafa átt einhvern þátt í að rétta af kynjahlutföll þótt konur úr þjónustunni hafi einnig fengið framgang í stöðu sendiherra. Viðvarandi hátt hlutfall karla í stöðu sendifulltrúa sýnir hins vegar hve stutt er síðan farið var að ráða konur í utanríkisþjónustuna og að þær hafa ekki skilað sér upp á efri lög embættismannakerfisins.

Tafla 1. Hlutföll karla og kvenna með diplómatisks stöðuheiti í utanríkisþjónustu Íslands.

(Utanríkisráðuneyti tölvupóstur til höfundar 5. febrúar 2010; Evrópuráðið 2006.)

	Sendiherra		Sendifulltrúi		Sendiráðunautur		Sendiráðsritari	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
2005	91,7%	8,3%	88,5%	11,5%				
2006	86,1%	16,2%	90,0%	10,0%	63,6%	36,4%	38,5%	61,5%
2007	80,0%	20,0%	87,5%	12,5%	52,4%	47,6%	38,5%	61,5%
2008	80,0%	20,0%	90,5%	9,5%	52,4%	47,6%	38,5%	61,5%
2009	77,8%	22,2%	90,1%	9,9%	50,0%	50,0%	45,5%	54,5%

Fjölgun kvenna í utanríkisþjónustunni, og þá einkum fjölgun kvensendiherra, hefur haldist í hendur við aukna áherslu á jafnrétti kynjanna í þróunar- og öryggismálum á alþjóðavettvangi. Eins og getið er hér að framan voru störf í utanríkisþjónustunni fyrst auglýst á áttunda áratug liðinnar aldar. Þá hefur menntunarstig kvenna hækkað verulega á síðustu áratugum og hefur það eflaust áhrif á fjölgun kvenna á lægri stigum í utanríkisþjónustunni. Þá er líklegt að þær færi með sér auknar áherslur á jafnréttismál, eins og Stevens (2007) talar um að konur í stjórnmalum geri, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna.

Ísland hefur fjármagnað stöðu jafnréttisráðgjafa á vegum UNIFEM á Balkanskaganum og annars staðar frá árinu 1999. Áhersla á málefni kvenna og jafnrétti kynjanna má einnig merkja í því að Ísland var meðal fyrstu ríkjanna til að samþykkja framkvæmdaáætlun tengda ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi (Utanríkisráðuneyti 2008). Þá hefur utanríkisráðuneytið í samstarfi við Landsnefnd UNIFEM haldið jafnréttisnámskeið fyrir friðargæsluliða frá því árið 2006.

3.4 Félagasamtök og alþjóðastofnanir

Kvennahreyfingar hafa tekið virkan þátt í að móta stefnu á ýmsum sviðum samfélagsins eins og nefnt er hér að framman. Hefur þetta starf farið fram í gegnum ýmis samtök, svo sem Kvenréttindafélag Íslands og verkalýðsfélög. Á vettvangi utanríkismála má einkum benda á landsnefnd UNIFEM, Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, sem var stofnuð í desember 1989 og fagnaði því 20 ára afmæli sínu 2009. Landsnefndin tók strax í upphafi þá ákvörðun að einbeita sér ekki að fjáröflunarstarfi heldur leggja aðaláherslu á að þrýsta á ríkisstjórnina að auka framlög sín til starfsemi UNIFEM á alþjóðavettvangi (Margrét Rósa Jochumsdóttir 2009, 66). Landsnefndin starfaði áfram í þessum anda allt þar til 2006, þegar utanríkisráðuneytið ákvað að beina framlögum sínum beint til höfuðstöðva UNIFEM í New York frekar en í gegnum landsnefndina. Þetta var gert í samvinnu við landsnefndina og kom ákvörðunin í kjölfar hækkunar framlags ríkisins til UNIFEM um 40% milli ára 2006 og 2007 (Landsnefnd UNIFEM 2007).

Eins og tafla 2 sýnir hafa framlög Íslands til UNIFEM hækkað verulega á fyrsta áratug aldarinnar, bæði þegar litið er til heildarupphæðar og tegundar framlaga. Á sama tíma hækkðu öll framlög til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana, en þó er greinilegt að áhersla var lögð á að gera vel við UNIFEM. Upphaflega var lögð áhersla á þátttöku í sameiginlegum kostnaði, þar sem framlag fól einkum í sér laun til íslenskra sérfræðinga. Allar upphæðir eru í bandarískum dollurum en ákvarðanir um framlög eru teknar í íslenskum krónum. Gengi krónunnar hefur sveiflast mjög á síðustu árum og því má reikna með að gengislækkunin hefði haft áhrif á framlög ársins 2008 ef ekki hefði verið fyrir fjáröflunaráttak. Enn fremur mun hún án efa endurspeglast í framlagi Íslands fyrir árið 2009, en það er greitt samkvæmt fjárlögum sem voru samþykkt í hruninu haustið 2008.

Tafla 2. Framlag Íslands til UNIFEM í þúsundum bandaríkjadollara.

	Sameiginlegur			
	Aðalsjóðir	kostnaður	Undirsjóðir	Heildarframlag
2001	0	117	0	117
2002	0	187	0	187
2003	30	67	0	97
2004	211	0	0	211
2005	0	356	92	448
2006	100	390	100	590
2007	115	632	100	847
2008	311	285	258 ¹	854

(UNIFEM 2002; 2003; 2004; 2005; 2006; 2007; 2008; 2009.)¹

1 Framlag úr söfnun Landsnefndar UNIFEM. Landsnefndin fór að leggja áherslu á fjáröflun frá einkageiranum árið 2006 og stóð fyrir árangursríkustu fjáröflun sinni – Fiðrildavíkunni – í mars 2008.

Hækkun framlaga Íslands til UNIFEM á þessum fyrstu árum 21. aldar virðast endurspeglar breytingu á þeim gildum sem liggja til grundvallar íslenskrar utanríkisstefnu, þar sem aðstæður kvenna og stúlkna fá aukna athygli. Landsnefndin stóð ekki ein að því að þrýsta á um breytingar. Verulegur stuðningur var að því að alþjóðasamfélagið lagði áherslu á þennan málaflokk. Þannig var í fyrsta sinn samþykkt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, stríð og öryggi árið 2000, auk þess sem þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna setja aðstæður kvenna og stúlkna í forgang. Í kjölfarið á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var gefin út skýrsla sem Elisabeth Rehn og Ellen Johnson Sirleaf (2002) unnu fyrir UNIFEM og lagði áherslu á aðstæður kvenna í stríði. Í skýrslunni eru færð fyrir því sterk rök að nauðsynlegt sé að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á alþjóðavettvangi. Þessi rök féllu í frjóan jarðveg á Íslandi, þar sem þau voru tekin upp af Landsnefnd UNIFEM og kynnt á ýmsum vettvangi.

Eins og nefnt er hér að framan hefur verið samþykkt framkvæmdaáætlun um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 hér á landi. Slíkar framkvæmdaáætlanir hafa verið samþykktar í 15 öðrum löndum (United Nations INSTRAW e.d.) á þeim tæpu tíu árum sem liðin eru frá því ályktunin var samþykkt. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á málaflokkinn á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sjálfra, en öryggisráðið hefur samþykkt ályktanir nr. 1820, 1888 og 1889 (United Nations Security Council 2009a; 2009b; 2009c) til að styrkja við upphaflegu ályktunina og stuðla að aukinni þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu og verja réttindi þeirra í átökum. Í þessum seinni ályktunum er tekið skýrar til máls og aðgerða krafist á ýmsum vettvangi, en allar byggjast ályktanirnar á þeim grunnhugmyndum sem settar eru fram í ályktun 1325 um aukna aðild kvenna að friðaruppbyggingu og vernd mannréttinda þeirra í kringum átök.

3.5 Samantekt

Auknar áherslur á jafnrétti kynja og málefni kvenna hafa komið til vegna þrýstings úr ýmsum áttum á Íslandi. Þetta mynstur er í takt við kenningar Sabatiers (1993) um samsteypuþrýstihópa, þar sem m.a. kemur fram að stefnubreytingar fylgi í kjölfar stöðugs þrýstings sem varir í meira en áratug. Stefnubreyting virðist hafa átt sér stað í kjölfar aukinnar þátttöku kvenna á ýmsum stöðum í stjórnerfinu og í samfélaginu. Að auki hafa alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar lagt meiri áherslu á málaflokkinn síðustu tíu ár en áður þekktist. Þetta samspil hefur skapað kynjajafnrétti mun sterkari stöðu í utanríkisstefnu árið 2009 en hefði verið hægt að reikna með árið 1999, þegar Kvennalistinn hætti að bjóða fram. Breytingar sem hafa orðið eru einnig í takt við lýsingu Sabatiers (1993) á samsteypuþrýstihópum, en hann segir að forgangsröðun málaflokks endurspeglar að ákveðin gildi hafi náð rötfestu og orsakasamhengi um hvernig eigi að innleiða þau sé orðið viðurkennt.

4. Íslensk utanríkisstefna: Einkenni og áherslur

Bæði má finna einkenni raunhyggju og frjálslyndrar stofnanahyggju í utanríkisstefnu Íslands frá því síðari heimsstyrjöldinni lauk. Þegar litið er til öryggismála virðist Ísland, sem smáríki, gera sér ljóst að það verður aldrei valdameira en þau ríki sem því gæti mögulega stafað ógn af. Ríkið hefur því valið að ganga inn í bandalög þar sem stærri og valdameiri ríki eru skuldbundin til að verja það skyldi hernaðarleg ógn stöðja að. Raunhyggjan bendir á að ríki skipi sér gjarnan í hóp þeirra sem betur vegnar (*bandwagoning*), þ.e. taki afstöðu með valdamesta aðilinum í alþjóðakerfinu, jafnvel þeim sem þeim stafar mest ógn af, til þess að verða ekki fyrir bardinu á honum. Þetta er andstæðan við að skapa mótvægi (*balancing*), sem felur í sér að takast á við sterk ríki til að tryggja að þau verði ekki einráð í alþjóðakerfinu og er gjarnan einkenni á hegðun valdamikilla ríkja. Samband Íslands við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið sýnir að Ísland hefur lengst af valið að beita fyrri aðferðinni (Lieb 2004, 27), þ.e. ganga í bandalag þar sem sterkustu ríkin í nágrenni landsins eru meðlimir og tryggja þannig að þau ríki ráðist ekki á landið. Í öðrum málaflökkum er Ísland í nánari tengslum við t.d. Norðurlöndin, en þau áttu ekki þátt í öryggismálum Íslands fyrr en eftir brottför Bandaríkjahers og tilkomu loftrýmisgæslu annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins.


Þrátt fyrir miklar sviptingar í alþjóðakerfinu eftir lok kalda stríðsins breyttist íslensk utanríkisstefna lítið. Áfram var aðaláhersla lögð á að tryggja landfræðilegt öryggi og í raun fór lítil umræða fram um inntak öryggishugtaksins eða hvað það var sem átti að tryggja (Silja Bára Ómarsdóttir 2008). Framlag Íslands til þróunarmála var lítið, enda voru litlir hagsmunir af því að vinna með fátækum og fjarlægum ríkjum. Það er ekki fyrr en um aldamótin sem mótunarhyggja virðist fara að hafa áhrif á utanríkisstefnu Íslands, á sama tíma og ákvörðun er tekin um að Ísland myndi sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Aukið framlag til þróunarmála og áhersla á jafnrétti kynjanna í alþjóðastarfi styrkir ekki beina efnislega hagsmuni Íslands. Ríkið leggur hins vegar sitt af mörkum til að bæta aðstæður þeirra sem minna mega sín og skapar sér þannig jákvæðari ímynd á erlendri grund. Þetta er mikilvægt í félagslega mótuðum heimi, þar sem spyrja þarf hvaðan hagsmunir koma og hvernig þeir verða til, ólíkt hinum formfasta heimi raunhyggjunnar, þar sem hagsmunir eru fastmótaðir og þekktir.

Í mynd 2 er yfirlit um skýrslur utanríkisráðherra um alþjóðamál, eins og þær voru fluttar á Alþingi á þessu tíu ára tímabili. Leitað var að orðunum og orðstofnunum kven-/kona, jafnrétti og kyn í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis á árunum 1999-2009. Ekki var talið þegar orðstofninn kyn birtist í samhenginu mannkyn eða kynslóðir. Í innihaldsgreiningu er m.a. skoðað hversu oft ákveðin orð eða orðasambönd koma fyrir í afmörkuðum texta og er tíðni þeirra talin gefa vísbendingu um þá áherslu sem lögð er á málaflökkana sem orðin standa fyrir. Stemler (2001) bendir á að nauðsynlegt sé að taka tillit til samheita þegar þessari aðferð er beitt og skoða orðin í samhengi og er það gert hér með því að skoða bæði umræðu um kyn og jafnrétti. Þá er nauðsynlegt að skoða samhengið sem orðin eru notuð í, en í ræðum ráðherra er áberandi að umræða um jafnréttismál er

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

takmörkuð við ákveðna kafla í skýrslunum og tengist helst þróunarmálum. Framan af er ekki minnst á jafnrétti yfir höfuð. Ræður ráðherra eru almennt styttri útgáfur af skýrslum þeirra um utanríkismál til Alþingis og í þeim eru helstu áhersluatriði dregin fram. Fjöldi tilvika gefur auðvitað ekki fulla yfirsýn yfir það hversu áberandi málaflokkarnir eru í áherslum en breytingarnar gefa þó til kynna hversu lítil áhersla var lögð á jafnrétti kynjanna í utanríkismálum Íslands í upphafi tímabilsins sem hér um ræðir.

Mynd 2. Tíðni orðanna/orðstofnanna *kven-, konur, jafnrétti*, og *kyn* í munnlegum skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis 1999-2009.



(Halldór Ásgrímsson 1998-1999; Halldór Ásgrímsson 1999-2000a; Halldór Ásgrímsson 1999-2000b; Halldór Ásgrímsson 2000-2001a; Halldór Ásgrímsson 2000-2001b; Halldór Ásgrímsson 2001-2002a; Halldór Ásgrímsson 2001-2002b; Halldór Ásgrímsson 2002-2003; Halldór Ásgrímsson 2003-2004a; Halldór Ásgrímsson 2003-2004b; Davíð Oddsson 2004-2005a; Davíð Oddsson 2004-2005b; Geir H. Haarde 2005-2006a; Geir H. Haarde 2005-2006b; Valgerður Sverrisdóttir 2006-2007; Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2007-2008a; Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2007-2008b; Össur Skarphéðinsson 2009; Össur Skarphéðinsson 2010b.)²

Það vekur sérstaka athygli hér hversu áberandi umræða um konur er í skýrslu ráðherra að vori 2002 (Halldór Ásgrímsson 2001-2002b), en frá 1999-2001 komu hvorki jafnrétti né kyn fyrir í skýrslum hans. Líklegt er að tengja megi þessa

2 Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar vorið 2009 er skrifleg og mun ítarlegri en aðrar skýrslur. Í næstu skriflegu skýrslu (árið 2010) koma þessi orð enn oftari en í flutningsræðu ráðherra á þingi koma þau aðeins fyrir fjórum sinnum (Össur Skarphéðinsson, 2010a).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

miklu fjölgun við formlega stofnun Íslensku friðargæslunnar árið 2001 (Utanríkisráðuneyti Íslands e.d.), en í gegnum hana kom töluvert af framlagi Íslands til þróunarmála, sem hafa einmitt „mýkri“ ásýnd en hefðbundin öryggismál. Skoða þarf betur hvað það er í starfsemi utanríkisráðuneytisins sem leiðir til þessarar aukningar til að geta alhæft um það.

Þrátt fyrir þessa miklu áherslu á jafnréttismál í skýrslu ráðherra vorið 2002 var ekki um viðvarandi áherslubreytingu að ræða. Halldór Ásgrímsson, sem var utanríkisráðherra þar til sumarið 2004, minntist samtals níu sinnum á eitthvað tengt málaflokknum í þremur seinni skýrslum hans til Alþingis sem hér eru skoðaðar. Davíð Oddsson var næsti utanríkisráðherra og flutti tvær skýrslur um utanríkismál á Alþingi. Í þeim nefnir hann málefni kvenna einu sinni. Geir H. Haarde flutti einnig tvær skýrslur um utanríkismál, í þeim koma málefni kvenna tvisvar fyrir. Merkjanleg breyting verður hins vegar aftur þegar Valgerður Sverrisdóttir tekur við embætti utanríkisráðherra, fyrst kvenna, árið 2006. Í fyrstu skýrslu hennar til Alþingis þá um haustið eru málefni tengd kynjajafnrétti nefnd 15 sinnum. Athyglisvert er að velta því upp hér að Valgerður hafði setið í embætti í svo skamman tíma að ólíklegt er að stefnan hafi mikið breyst. Fremur má ætla að málin hafi verið á dagskrá að einhverju leyti í utanríkisþjónustunni, en að fyrri ráðherrar hafi ekki sett þau í forgang. Valgerður virðist eingöngu hafa flutt þessa einu skýrslu á þinginu, en boðað var til kosninga vorið eftir að hún tók við embætti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók við af Valgerði sem utanríkisráðherra og kynnti Alþingi tvær skýrslur um utanríkismál. Þar leggur hún töluverða áherslu á jafnréttismál, nefnir málaflokkinn níu sinnum í fyrri skýrslu sinni og 19 sinnum í þeirri síðari. Með setu Valgerðar og Ingibjargar Sólrúnar í embætti utanríkisráðherra má þannig ætla að embættismannakerfið hafi loks brugðist við pólitískum og samfélagslegum þrýstingi um breytingar og málaflokkurinn þannig hlotið brautargengi. Þótt þær Valgerður og Ingibjörg Sólrún komi úr ólíkum áttum í stjórnmalum vekur óneitanlega athygli hversu miklum mun meiri áherslu þær leggja á þessa málaflokka í sínum skýrslum og styður það aftur við það að þótt karlar geti jafnt og konur verið málsvarar kvenlægra málefna (Phillips 1998) þarf konur til að setja málaflokkinn á oddinn (Stevens 2007).

Skýrsla sitjandi utanríkisráðherra vorið 2009 er skrifleg og umtalsvert lengri en munnlegu skýrslurnar sem hún er borin saman við. Fjöldi tilvika í henni gefur því varla marktæka vísbendingu um áframhaldandi aukningu í áherslum á kynjajafnrétti. Kynjajafnréttismálum virðist þó gert nokkuð stöðugt hærra undir höfði í skýrslum utanríkisráðherra á árunum 1999-2009. Að einhverju leyti virðist málaflokkurinn hafa fest sig í sessi, einkum á síðustu þremur árum. Breytingin er þó ekki nægjanlega viðvarandi til að hægt sé að alhæfa um áframhaldandi áherslur á jafnréttismál í utanríkisstefnu Íslands. Það er hins vegar vísbending um að málaflokkurinn hafi öðlast auknið vægi innan utanríkisþjónustunnar, sem nú telur nauðsynlegt að tiltaka verkefni og árangur á þessu sviði, ólíkt því sem var í fyrri skýrslum.

5. Niðurstöður: Áhrif femínisma og kvannahreyfinga á utanríkisstefnu

Femínismi og kvannahreyfingar hafa mótað samfélagið að ýmsu leyti og haft rík áhrif á stjórnmal um nokkurt skeið, þótt áhrifin hafi verið mismikil eftir tímabilum og málaflokkum. Í innanríkismálum má sjá umtalsverð áhrif á ýmsum sviðum. Áhrifin á utanríkismál hafa látið lengur á sér standa. Kvannalistinn kom fyrst fulltrúa inn á Alþingi 1983 og fyrir þann tíma hafði einungis ein kona átt sæti í utanríkismálanefnd þingsins og örfáar konur verið ráðnar inn í utanríkisþjónustuna. Þrátt fyrir 16 ára setu fulltrúa Kvannalistans á þingi var ekki hægt að merkja veruleg áhrif femínískrar umræðu á utanríkisstefnu landsins. Slík breyting lét einnig á sér standa þegar uppstokkun varð á vinstri væng íslenskra stjórnála og Kvannalistinn hætti að bjóða fram. Þó varð nokkur fjölgun kvenna á þingi það ár, en eins og sjá má af áhrifum þeirra tveggja kvenna sem hafa verið utanríkisráðherrar hefur kyn verið áhrifamikill þáttur þegar kemur að forgangsriðun stefnumála. Þekking á mikilvægi jafnréttismála jókst umtalsvert og málaflokkurinn var ræddur á þingi, þó nær eingöngu af konum.

Fram til 2006 höfðu karlar ávallt verið í embætti utanríkisráðherra og 1999-2006 gegndu þrír karlar því embætti. Innihaldsgreining sýnir að áherslur karlanna á jafnréttismál í ræðum sínum á þingi eru mun minni en áherslur kvennanna sem á eftir þeim komu. Lítil áhersla Össurar Skarphéðinssonar á málaflokkinn í flutningsræðu fyrir skýrslu hans á vorþingi 2010 styður við það að konur leggi meiri áherslu á jafnréttismál þótt greinilegt sé af rituðu skýrslunni að veruleg áhersla er á málaflokkinn í starfi utanríkisþjónustunnar. Hraði og umfang þessara breyttu áherslna gefa vísbendingu um að ráðherra geti nú gengið að góðum þekkingargrunni í utanríkisþjónustunni. Að auki gátu konurnar í embættinu byggt á hugmyndum sem þegar höfðu verið settar fram á þingi.

Áhrif kvenna og femínisma voru orðin nokkuð umfangsmikil í utanríkisstefnu þegar framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna komst á flug. Konum hafði fjölgað á þingi, í utanríkismálanefnd og í utanríkisþjónustunni. Öflug kröfugerð frjálsra félagasamtaka á borð við UNIFEM og þekking og þrýstingur úr alþjóðasamfélaginu ýttu undir viðurkenningu á þeim hugmyndum sem Kvannalistinn og vinstri flokkar, einkum Alþýðubandalagið, höfðu haldið á lofti allt að tveimur áratugum fyrir en sjaldnast fundið hljómgrunn fyrir. Í skýrslu um framboð Íslands til öryggisráðsins er þannig bent á að áherslur Íslands á kynjajafnrétti hafi verið meðal þess sem kynnt var sérstaklega í framboðinu og að í lok þess hafi flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna þekkt til þessara áherslna og aðgerða Íslands í þágu kvenna og barna (Utanríkisráðuneyti 2009b). Um leið hefur síaukin áhersla verið lögð á þennan málaflokk á alþjóðavettvangi, eins og sjá má í þeim ályktunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt síðustu ár og fjalla um m.a. konur, frið og öryggi og stöðu kvenna í átökum.

Þessi áhersla er gott dæmi um það hvernig samanlögð áhrif ólíkra hópa og ýmissa samfélagslegra breytinga hafa skapað síaukinn þrýsting á málaflokkinn. Trúverðugur rökstuðningur hefur komið fram fyrir mikilvægi hans og loks bætist pólitískur vilji við þegar konur taka embætti utanríkisráðherra. Allt er þetta í

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

samræmi við það samspil sem Sabatier og Jenkins-Smith segja að einkenni áhrif samsteypuþrýstihópa. Kvinnahreyfingar og einkum femínísk hugmyndafræði, sem lá til grundvallar stefnumálum Kvinnalistsans í utanríkismálum, hafa stuðlað að breytingum á utanríkisstefnu Íslands í upphafi 21. aldar. Góð staða jafnréttismála á Íslandi er stór hluti af sjálfsmynd Íslendinga og sú sjálfsmynd er staðfest með áherslu á málaflökkinn í utanríkisstefnu.

Heimildir

- Alþingi (1991-1992). Tillaga til þingsályktunar um Evrópskt efnahagssvæði og stöðu kvenna, þskj. 708, 450. mál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 14. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/115/s/0708.html>.
- Alþingi (1993, 14. janúar). Bréf til Radovans Karadzic, undirritað af 55 þingmönnum úr öllum flokkum.
- Alþingi (1996-1997). Tillaga til þingsályktunar um stuðning við konur í Afganistan, þskj. 69, 69. mál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 14. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/121/s/0069.html>.
- Alþingi (e.d. a). *Konur á Alþingi*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.althingi.is/vefur/konur.html>.
- Alþingi (e.d. b). *Umræður utan dagskrár: Samþætting jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.althingi.is/altext/131/02/l24130159.shtml>
- Baldur Þórhallsson (2005). What Features Determine Small States' Activities in the International Arena? Iceland's Approach to Foreign Relations Until the Mid-1990s. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 1(1), 107-140.
- Barnett, M. (2008). Duties Beyond Borders. Í S. Smith, A. Hadfield og T. Dunne (ritstjórar), *Foreign Policy: Theories, Actors, Cases* (bls. 189-204). Oxford: Oxford University Press.
- Birna Þórarinsdóttir (2005). Íslenska friðargæslan: Jafnréttis- og kynjasjónarmið í stefnu og starfsemi 1994-2004. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og UNIFEM á Íslandi.
- Checkel, J.T. (2008). Constructivism and Foreign Policy. Í S. Smith, A. Hadfield og T. Dunne (ritstjórar), *Foreign Policy: Theories, Actors, Cases* (bls. 71-82). Oxford: Oxford University Press.
- Davíð Oddsson (2004-2005a). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20041111T103210.html>.
- Davíð Oddsson (2004-2005b). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20050429T103643.html>.
- Evrópuráðið (2006). Sex-disaggregated statistics on the participation of women and men in political and public decision-making in Council of Europe member states: Situation as at 1 September 2005 (CDEG (2006) 15). Strassborg: Evrópuráðið.
- Geir H. Haarde (2005-2006a). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20051117T104743.html>.
- Geir H. Haarde (2005-2006b). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20060406T105717.html>.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- Halldór Ásgrímsson (1998-1999). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dbabin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F125%2F11%2Fr02133438.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (1999-2000a). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dbabin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F123%2F02%2Fr25110344.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (1999-2000b). Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál (flutningsræða). Sótt 10. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/125/04/r13103208.sgml>.
- Halldór Ásgrímsson (2000-2001a). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F126%2F11%2Fr14133656.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2000-2001b). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F126%2F03%2Fr29105342.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2001-2002a). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F127%2F11%2Fr29103128.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2001-2002b). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F127%2F03%2Fr26103757.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2002-2003). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F128%2F02%2Fr27105147.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2003-2004a). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F130%2F11%2Fr13103236.sgml&pdf=PDF>.
- Halldór Ásgrímsson (2003-2004b). Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/dba-bin/prentaups.pl?lnr=%2Fwwwtext%2Fhtml%2F130%2F04%2Fr06135213.sgml&pdf=PDF>.
- Hausmann, R., Tyson, L.D., og Zahidi, S. (2009). *The Global Gender Gap Report 2008*. Geneva: World Economic Forum.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (2007-2008a). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071108T103150.html>.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (2007-2008b). Utanríkis- og alþjóðamál. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20080408T140425.html>.
- Jenkins-Smith, H.C., og Sabatier, P.A. (1993). Dynamics of Policy Oriented Learning. Í P. A. Sabatier og H. C. Jenkins-Smith (ritstj.), *Policy Change and Learning: An Advocacy*

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- Coalition Approach* (bls. 43-56). Boulder: Westview Press.
- Kvennalistinn (1984). *Frá konu til konu – Kvennalistinn: Saga – stefna – skipulag*. Kristín A. Árnadóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Kvennalistinn.
- Kvennalistinn (1983). *Stefnuskrá*. Reykjavík: Kvennalistinn.
- Kvennalistinn (1987). *Stefnuskrá í landsmálum 1987*. Reykjavík: Kvennalistinn.
- Kvennalistinn (1991). *Stefnuskrá í landsmálum 1991*. Reykjavík: Kvennalistinn.
- Kvennalistinn (1995). *Framtíðarsýn: Stefnuskrá Kvennalistans 1995*. Reykjavík: Kvennalistinn.
- Kvennasögusafn (n.d.). *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.kvennasogusafn.is/Kvennasaga/artol.html>.
- Landsnefnd UNIFEM á Íslandi (2007). *Ársskýrsla 2006*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.unifem.is/unifem/images/stories/arsskyrslaunifem2006.pdf>.
- Lieb, D. (2004). The Limits of Neorealism. *Harvard International Review* 26(1), 26-29.
- Margrét Rósa Jochumsdóttir (2009). *Landsnefnd UNIFEM á Íslandi: Saga, áberstur og aðferðir*. MA-ritgerð í þróunarfræðum við Háskóla Íslands. Sótt 26. janúar 2010 á http://skemman.is/bitstream/1946/3380/1/Margret_Rosa_Jochumsdottir_fixed.pdf.
- Morgenthau, H.J. (1948/1985). *Politics Among Nations: The Struggle for Power and Peace* (6. útg.). New York: McGraw-Hill.
- Phillips, A. (1998). *The Politics of Presence: The Political Representation of Gender, Ethnicity, and Race*. Oxford: Oxford University Press.
- Rehn, E., og Johnson Sirleaf, E. (2002). *Women, War, Peace: The Independent Experts' Assessment on the Impact of Armed Conflict on Women and Women's Role in Peace-Building*. New York: UNIFEM.
- Sabatier, P.A. (1993). Policy Change Over a Decade or More. Í P.A. Sabatier og H.C. Jenkins-Smith (ritstj.), *Policy Change and Learning: An Advocacy Coalition Approach* (bls. 13-40). Boulder: Westview Press.
- Silja Bára Ómarsdóttir (2008). Öryggissjálfsmynd Íslands: Umræða um varnarmála- og almannavarnarlög á Alþingi vorið 2008. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 4(2), 133-157.
- Stemler, S. (2001). An overview of content analysis. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 7(17). Sótt 10. júní 2010 af <http://PAREonline.net/getvn.asp?v=7&n=17>.
- Stevens, A. (2007). *Women, Power and Politics*. New York: Palgrave Macmillan.
- UNIFEM (2002). *UNIFEM Annual Report 2001*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/UNIFEM_AR_2001_ENG_2ndHalf.pdf.
- UNIFEM (2003). *UNIFEM Annual Report 2002/2003*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/369_UNIFEM_AR_02-03_eng.pdf.
- UNIFEM (2004). *UNIFEM Annual Report 2003/2004*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/366_UNIFEM-AR04-lo.pdf.
- UNIFEM (2005). *UNIFEM Annual Report 2004/2005*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/AnnualReport2004_2005_eng.pdf.
- UNIFEM (2006). *UNIFEM Annual Report 2005/2006*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/AnnualReport2005_2006_eng.pdf.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- UNIFEM (2007). *UNIFEM Annual Report 2006/2007*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/AnnualReport2006_2007_eng.pdf.
- UNIFEM (2008). *UNIFEM Annual Report 2007/2008*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/UNIFEM_AnnualReport_2007-2008.pdf.
- UNIFEM (2009). *UNIFEM Annual Report 2008/2009*. New York: UNIFEM. Sótt 25. janúar 2010 af http://unifem.org/attachments/products/annual_report_2008_2009_en.pdf.
- United Nations Security Council (2009a). *Resolution 1820 (2009)*. New York: UN.
- United Nations Security Council (2009b). *Resolution 1888 (2009)*. New York: UN.
- United Nations Security Council (2009c). *Resolution 1889 (2009)*. New York: UN.
- United Nations INSTRAW (e.d.). *National Action Plans on Resolution 1325*. Sótt 12. júní 2010 á <http://www.un-instraw.org/en/gps/gps-homepage/national-action-plans-on-resolution-1325.html>.
- Utanríkisráðuneyti Íslands (e.d.). *Ísland í friðargæslu*. Reykjavík: Utanríkisráðuneyti Íslands. Sótt 18. september 2009 á http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/allt_04_Prent_19ag_LOW_18.pdf.
- Utanríkisráðuneyti Íslands (2008). *Konur, friður og öryggi: Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000*. Reykjavík: Utanríkisráðuneyti Íslands.
- Utanríkisráðuneyti Íslands (2009a). *Ábættumatskýrsla fyrir Ísland: Hnatrænar, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.
- Utanríkisráðuneyti Íslands (2009b). *Skýrsla um framboð Íslands og kosningabaráttu til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2009-2010*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið. Sótt 24. janúar 2010 af http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/Lokaskýrsla_um_oryggisrads_frambodid_2008.PDF.
- Valgerður Sverrisdóttir (2006-2007). Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 18. september af <http://www.althingi.is/altext/raeda/133/rad20061116T103457.html>.
- Þingflokkur Samtaka um kvennalista (1992, 5. mars). Bréf til Daniels arap Moi, undirritað af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.
- Össur Skarphéðinsson (2009). *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. (Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.)* Reykjavík: Alþingi.
- Össur Skarphéðinsson (2010a). *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. (Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)* Reykjavík: Alþingi.
- Össur Skarphéðinsson (2010b). Utanríkis- og alþjóðamál: Flutningsræða. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 12. júní 2010 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20100514T164143.html>.